

En þínum svein þú hugull hézt
heimur einu: meiðslum, bótum;
yndi' og meim þín eru fest
inn að beini' og hjartarótum.

ÚR BRÉFI.

Gull og gæði
gleðja skáld, og fagna kvæði.
Þó það vildi' um vænni laun
velja meiga' í kvæðaraun—;
Framhlaupið í fylking hverri
fyrsta stökk að ryðja knerri,
hvar sem ofrar eldi' og brandi
ódygðin á sjó og landi.
Vopnfært vera,
ljóðið sitt úr bítum bera!



Vegna hvers erum vér Unitarar?

Það er ekki óvanalegt að heyra menn spyrja, hvað það sé, að vera Unitari, hvað það sé, að vera í unitariskum söfnuði, að hylla Unitaratrú. Það var áður fyrrum mikið gaman hent að því á meðal hinna enskumælandi manna, að Unitarismus væri eitthvað það, sem enginn vissi hvað væri. Nefnilega að Unitarar ætti sér engin trúarjátningar rit, og þessvegna væri skoðanir þeirra eitthvað svo mikilli móðu vafðar, að það væri helzt ekki á nokkurs manns færi, að segja hverjar þær væri. Þannig var það í bænum, þar sem aðal prestaskóli trúardeildar vorrar er, gjört að gamanyrði, sem átti að heita mjög fyndið og það jafn-